

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

8. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2018, föstudaginn 14. des. kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Guðbjörg Bergmundsdóttir, Steinn Ingi Kjartansson, Samúel Kristjánssona, Karl Guðmundur Kjartansson og Arthúr Guðmundsson í forföllum Elsu Borgarsdóttur.

Pétur G. Markan, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 8:30.

Steinn Ingi Kjartansson bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmati fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

### Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Fundargerð Velferðarnefndar frá 12. des.
3. Fundargerð Fræðslu, tómstunda, menningar og kynningarnefndar frá 12. des.
4. Fundargerð Atvinnu og landbúnaðarnefndar frá 13. des.
5. Erindi frá útgáfufélagi Búnaðarsambands Vestfjarða
6. Álagningarstofnar Súðavíkurhrepps 2019 – seinni umræða.
7. Gjaldskrá Súðavíkurhrepps 2019 – seinni umræða.
8. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps 2019 – seinni umræða.
9. Þriggja ára áætlun Súðavíkurhrepps.
10. Fundargerð stjórn. Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 865
11. Fundargerð stjórn. Hafnarsambands Íslands nr. 408
12. Erindi frá íþróttafélaginu Ívari.
13. Frá Samúel Kristjánssyni.A.Að keiptur verði Flígildi (Dróni) fyrir bændur í Inndjúpi til að létta þeim Störfin í smalamensku.  
B.Að talva bókara verði tengd við stóra skjáinn í fundarsalnum svo menn geti fylgst með bókunum jafnóðum.  
C.Að öll gögn sem send eru á hreppsnemdar menn verði send á alla varamenn og sama á við í öðrum nemdum hreppsins.  
D.Að öllum tölvu bóstum sem Sveitastjóri sendir verktökum og öðrum,sem hann byður um tölur og kostnað í verk, veri sent aftit til Hreppsnemdarmanna og tölur sem berast til baka,það er nauðsinlegt að nemdarmenn viti um gang mála.  
E.Og netföng allra sem eru í nemdum og ráðum og starfsfólk Hreppins séu skráð á heimasíðu Hreppsins.
14. Önnur mál.

1. Skýrsla sveitarstjóra lögð fram.
2. Fundargerð Velferðarnefndar frá 12. des. lögð fram. Sveitarstjórn samþykkir fjárstuðning til Stígamóta að upphæð 100 þús. kr.
3. Fundargerð Fræðslu, menningar, tómstunda og kynningarnefndar frá 12. des. lögð fram. Sveitarstjórn samþykkir stuðning við afrekssvið Menntaskólans á Ísafirði í formi þriggja ára sammings, ásamt Ísafjarðarbæ og Bolungarvíkurkaupstað. Ársupphæð styrksins er 2,5 milljón, sem skiptist niður á sveitarfélögin þrjú eftir íbúafjölda.
4. Fundargerð Atvinnu og landbúnaðarnefndar frá 13. des lögð fram og staðfest.
5. Vísað til Menningarnefndar.
6. Álagningarstofnar Súðavíkurhrepps fyrir árið 2019 samþykktir samhljóða. Álagning verður óbreytt á milli ára. Útsvar verður 14, 52% .
7. Gjaldskrá Súðavíkurhrepps fyrir árið 2019 samþykkt samhljóða. Gert er ráð fyrir vísitöluhækkun 3,2% á gjaldskrá, að undanskildri húsaleigu, sem hækkar um 5%, þar sem húsaleiga í Súðavík er langt undir markaðsverði á Vestfjörðum.
8. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 lögð fram. Seinni

Heildarskatttekjur verða 259 milljónir.

Gert er ráð fyrir að A sjóður skili 32 milljón kr. hagnaði. Samtekin niðurstaða fyrir A og B hlua er áætluð 23 kr. í hagnað

Handbært fé A og B hluta er áætlað 223 milljónir við lok árs 2019. Veltufé frá rekstri er áætlað 40 milljónir við lok árs 2019.

Helstu áhersla sveitarstjórnar árið 2019 verður á viðhaldsmál. Áætlað er að fara í gatnaviðgerðir í sumarbyggð Súðavíkur, götum Súðavíkur, viðhald á höfn þar sem m.a. dekkjum og keðjum verður skipt út og viðhald á Súðavíkurskóla. Þá verður farið í að endurhanna lóð Súðavíkurskóla.

Seinni umræða fjárhagsáætlunar Súðavíkurhrepps og stofnanna fyrir árið 2019 samþykkt samhljóða.

Gert er ráð aukningu fjármagns í gatnaviðgerð í sumarbyggð Súðavíkur að upphæð 5 milljónir, sem tekið verður til umræðu á næsta fundi sveitarstjórnar.

9. Þriggja ára fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps lögð fram til staðfestingar. Samþykkt samhljóða.
10. Lagt fram.
11. Lagt fram.
12. Vísað til fræðslu, menningar, tómstunda og kynningarnefndar.
13. A. Afgreitt í fjárhagsáætlun 2018. B. Framvegis verða fundargerðir sveitarstjórnar bókaðar á skjá fundarherbergis sveitarstjórnar. C. Öll gögn funda sveitarstjórnar verða framvegis send öllum varamönnum. D. Nefndaformenn séu upplýstir ef að sveitarstjóri er að gera verðathugun varðandi verkefni. E. Öll netföng nefndarmanna komi inn á heimsíðu Súðavíkurhrepps.
14. Engin önnur mál.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:46

**Guðbjörg Bergmundsdóttir**

**Karl Guðmundur Kjartansson**

**Samúel Kristjánsson**

**Arthúr Guðmundsson**

**Steinn Ingi Kjartansson  
oddviti**

